

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjöldin greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Fyrir íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram greiðast kr. 21.220 í sorphirðugjald og kr. 18.540 á íbúð í sorpeyðingargjald. Sorphreinsunargjald er miðað við tvær sorptunnur, en húseigendum eru í upphafi afhentar tvær tunnur, önnur fyrir almennt sorp og hin fyrir flokkað sorp.
- b) Fyrir sumarbústaði þar sem sorphirða fer ekki fram greiðast kr. 5.975 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 9.270 á bústað í gámagjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 2. desember 2021 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ, nr. 1589/2020.

Snæfellsbæ, 9. desember 2021.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.